

132 athugavert, að hreppsnefndin í Þverárhreppi hefir í brjefi sínu frá þessum degi getið
8. júlí. þess, að lækurinn þá hafi talið Steindór flutningsfæran.

Samkvæmt því, er þannig er tekið fram, úrskurðast, að Bólstaðarhlíðarhreppi beri að endurgjalda Þverárhreppi 60 kr. fyrir húsaskjól, rúm, fæði o. fl., handa piltinum Steindóri Sigvaldasyni, á tímabilinu frá 8. sept. til 1. desbr. 1879, og enn fremur eptir löglega úrskurðuðum reikningi kostnað þann, sem leitt hefir af lækningum þeim, er Steindór hefir notið á tjeðu tímabili; en að öðru leyti er úrskurður sá, er þjer, herra amtmaður, og sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hafið lagt á þetta mál, úr gildi felldur.

133 — Brjef landshöfðingja til forstöðunefndar landsbókasafnsins um brjef Kriegers
10. júlí. stiptamtmanns. — Nokkru eptir dauða L. A. Kriegers stiptamtmanns sendi executor testamenti í þúi hans, Holck overauditeur í Álaborg, stiptamtmanninum yfir Íslandi með brjefi dags. 8. ágúst 1841, sem hjer með fylgir eptirrit eptir, skjalaböggul einn, er geymdur skyldi í skjalasafni stiptsamtsins og eigi opnast fyrr en að þeim tíma liðnum, er brjefið getur um.

Tímabil þetta er nú liðið, og hefir böggullinn því verið opnaður; fundust í honum auk uppkasta Kriegers stiptamtmanns til embættisbrjefa þeirra, er hann samdi, meðan hann gegndi embættinu, safn af privat brjefum þeim, sem hann á því tímabili (1829—1834 og 1836—1837) hefir fengið frá ýmsum mönnum, einkum embættismönnum hjer á landi. — Það virðist nú eðlilegast, að hin fyrnefndu skjöl sjeu geymd í skjalasafni landshöfðingjadæmisins, en þar á móti virðist mjer bezt við eiga að geyma þau brjef, sem eru privats eðlis, í landsbókasafninu á sama hátt og önnur handrit, er því til heyra.

Jeg leyfi mjer því að senda hinni heiðruðu forstöðunefnd privatbrjefa-safn það, er L. A. Krieger stiptamtmaður samkvæmt áðursögðu hefir látið eptir sig, og jafnframt að skora á nefndina að taka brjef þessi til geymslu í landsbókasafninu samkvæmt reglum þeim, er gilda um slík skjöl.

134 — Brjef landshöfðingja til oddvita hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi
11. júlí. um lán til að byggja barnaskólahús. — Eptir að hreppsnefndin hafði fengið samþykki sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu til þess að taka 2500 kr. lán til að byggja nýtt barnaskólahús úr steini í hreppnum, hafið þjer í umbóði hreppsnefndarinnar 4. p. m. farið þess á leit, að hreppsnefndin mætti fá lán þetta úr viðlagasjóði landsins þannig, að það verði ávaxtað og endurborgað á 28 árum með því að greiða þessi ár 6% árlega, af upprunalegri upphæð lánsins.

Lán þetta mun hreppsnefndin geta fengið borgað úr landssjóði gegn löglegu skuldabryfi og að svo miklu leyti sem fje verður fyrir hendi í viðlagasjóði, þegar lánsins er vitjað.

EMBÆTTISVEITING.

25. dag júlímánaðar var presturinn að Söndum í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. síra Helgi Arnasyni, skipaður prestur að Nesþingum í Snæfellsnessprófastsdæmi.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Lundur í Borgarfjarðarprófastsdæmi (Lundar- og Fitjasóknir). Þessu brauði fylgir 200 kr. uppbót úr landssjóði, þar að auki er það metið 527,45 kr. Augl. 25. júní 1882.